

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Sorpstöð Rangárvallasýslu Strönd



<b>Dags eftirlits</b>	18.11.2020	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Sigríður Magnúsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Sorpstöð Rangárvallasýslu	<b>Eftirlitsmaður</b>	
<b>Heimili</b>	Suðurlandsvegi 1	<b>Tegund eftirlits</b>	Fyrirvaralaust
<b>Kennitala</b>	600893-2469	<b>Flokkur</b>	Úrgangur og efnamóttaka
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Ágúst Sigurðsson	<b>ÍSAT nr.</b>	38.21.0
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Hulda Karlsdóttir	<b>Staðsetning</b>	690508,452 590016,913

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fram fór óvenjubundið eftirlit á urðunarstaðinn að Strönd. Þrjú frávik komu fram við eftirlit en engar ábendingar voru gerðar.

### UMFANG EFTIRLITS

Þann 18. nóvember sl. fór fram óvenjubundin vettvangsheimsókn á urðunarstað Sorpstöðvar Rangárvallasýslu að Strönd og í kjölfarið þann 26. nóvember fór fram rafrænt eftirlit þar sem fundað var um niðurstöður vettvangsheimsóknarinnar og starfsleyfi urðunarstaðarins.

1. Umfang starfseminnar (gr. 1.2 í starfsleyfi)
2. Niðurstöður vettvangsheimsóknar 18. nóvember sl.
3. Áhættumat Umhverfisstofnunar til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
4. Kynning á reglugerð nr. 674/2017 um aukaafurðir dýra

Á urðunarstaðnum að Strönd er heimilt að urða 2500 tonn af óvirkum úrgangi á ári. Heimilt er að jarðgera 2200 tonn nema nýtt sé heimild til urðunar á lífrænum úrgangi þá 1400 tonn. Heimilt er að urða 800 tonn af lífrænum úrgangi séu uppfylltar kröfur um mengunarvarnir, sbr. gr. 3.2, 3.3., 3.4 og 5.2 í starfsleyfi. Í júní 2020 óskaði rekstraraðili eftir tímabundinni undanþágu til eins árs til urðunar á lífrænum úrgangi án mengunarvarna. Breyting var gerð á starfsleyfinu þar sem bætt var inn ákvæði um tímabundna undanþágu, með gildistíma fram til 1. júlí 2021, til urðunar á lífrænum úrgangi að uppfylltu skilyrði um yfirlagningu jarðvegsdúks með takmörkuðu gegndræpi til að minnka útskolun mengunarefna.

Farið var í óvenjubundna vettvangsheimsókn á urðunarstaðinn þann 18. nóvember sl. Við skoðun voru nokkrar minni gryfjur opnar. Í gryfjunum mátti m.a. finna plast, timbur, hey, dýnur, heimilisúrgangur og frauðplast. Nokkuð var af bílhræjum á urðunarstaðnum og fæstir þeirra á steypu undirlagi þó að þar hafi verið pláss.

Óskað var eftir magntölum úrgangs frá rekstraraðila fyrir árið 2020 og bærust tölur fyrir janúar-október þann 27. nóvember sl. Samkvæmt þeim hafa verið urðuð 634 tonn af óvirkum úrgangi sem er innan heimilda starfsleyfisins. Einnig hafa verið urðuð 1230 tonn af grófum úrgangi og 1292 tonn af lífrænum úrgangi. Ekki er heimild á urðunarstaðnum fyrir urðun á grófum úrgangi og urðað magn lífræns úrgangs er umfram þá tímabundnu heimild sem veitt var þann 18. nóvember sl.

Á fundi með rekstraraðila kom fram að ástæða þess að urðaður væri úrgangur á urðunarstaðnum sem ekki væri heimild fyrir í starfsleyfi væri m.a. að erfitt væri að stjórna því hvað kæmi inn í gegnum gáma af gámasvæðum sveitarfélagsins sem og að líklega mætti bæta verklag við urðun og flokkun úrgangs. Tekið er undir sjónarmið sveitarfélagsins um bætt verklag við móttöku og urðun, en bæði það mikla magn grófs úrgangs sem og tegund þess úrgangs sem telst vera grófur úrgangur ætti að gera rekstraraðila hægara um vik við að flokka frá það sem ekki er leyfilegt að urða samkvæmt starfsleyfi.

Kynnt var áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlits en samkvæmt 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit ber Umhverfisstofnun nú að ákvarða tíðni reglubundinna eftirlitsferða út frá kerfisbundnu mati á umhverfisáhættu starfsemi undir eftirliti stofnunarinnar. Í áhættumati 2019, sem ákvarðar tíðni eftirlits 2020, er urðunarstaðurinn að Strönd með 10 stig sem er eftirlitsflokkur C og reglubundið eftirlit annað hvert ár. Áhættumat er endurskoðað árlega.

Kynnt var reglugerð nr. 674/2017 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir dýra og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis. Rætt var um framtíðarmöguleika vegna fyrirhugaðs brennsluofns fyrir aukaafurðir dýra á urðunarstaðnum.

**gr. 1.2 í starfsleyfi**

Á urðunarstaðnum má einungis urða óvirkan úrgang, og tímabundið lífrænan úrgang án botnpéttinga, sbr. gr. 3.7. Við eftirlit var staðfest að þar hafa verið urðuð á árinu 1230 tonn af grófum úrgangi sem ekki er heimild fyrir í starfsleyfi.

**8. mgr. gr. 1.2 í starfsleyfi**

Verði um tímabundna geymslu úr sér genginna ökutækja, eða annars olíusmitaðs úrgangs, að ræða skal hann geymdur á malbikuðu/steyptu yfirborði tengdu olíuskilju. Við eftirlit var mikið um úr sér gengin ökutæki á urðunarstaðnum og fæst þeirra á þar til gerðu steyptu plani þó þar væri pláss fyrir slíkt.

**gr. 3.7 í starfsleyfi**

Tímabundin heimild er í gildi vegna urðunar lífræns úrgangs án botnpéttinga. Heimilt er að urða 1000 tonn af lífrænum úrgangi, þar af 800 tonn árið 2020 og 200 tonn árið 2021. Á tímabilinu janúar – október 2020 hafa verið urðuð 1292 tonn af lífrænum úrgangi á urðunarstaðnum sem er töluvert umfram heimild.

## ANNAÐ

Einnig var viðstaddur eftirlitið fyrir hönd Sorpstöðar Rangárvallasýslu Ómar Sigurðsson.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 18.01.2021



---

Sigríður Magnúsdóttir